



Ársskýrsla 2009



Efnisyfirlit

Ávarp stjórnarformanns	2
Skýrsla forstjóra	3
Fulltrúar deilda	4
Stjórn Auðhumlu	5
Verðlaunahafar	6
Mjólkursamsalan ehf.	7
Tölulegar upplýsingar	8
Ársreikningur samstæðu 2009	11
Áritun óháðra endurskoðenda	13
Skýrsla stjórnar	14
Rekstrarreikningur ársins 2009	15
Efnahagsreikningur	16
Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2009	18
Skýringar	19



Útgefandi: Auðhumla, Austurvegi 65, 800 Selfoss
Hönnun og umbrot: Auglýsingastofa Þórhildar ehf.
Ljósmyndir: Þorsteinn Jónsson
Ljósmynd af stjórnarformanni: Kristján Maack
Ljósmynd af stjórn: Jóhannes Long
Ljósmyndir af verðlaunahöfum: Guðmundur Geir Gunnarsson, Sævar Hjaltason og Sigurður Rúnar Friðjónsson
Prentun: Prentmet

Ávarp stjórnarformanns

Egill Sigurðsson



Traust framleiðsla – traust fyrirtæki – traust framtíð

Árið 2009 batnaði rekstrarniðurstaða Auðhumlu nokkuð við afar erfið ytri skilyrði og 10-15% samdrátt í ráðstöfunartekjum einstaklinga frá árinu 2008. Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði varð 297 milljónir króna en var 92 milljónir króna árið 2008. Tap varð af rekstrinum fyrir skatta sem nam 624 milljónum króna sem var um 354 milljónum króna betri niðurstaða en á fyrra ári. Niðurstaða af rekstri félagsins í heild var tap að fjárhæð 474 milljónir króna en var 742 milljónir árið 2008. Hagur fyrirtækisins hefur þannig batnað við mjög erfið skilyrði í efnahags- og atvinnulífi. Afkomubata má rekja til þess að verulegur árangur hefur náðst í hagræðingu í vinnslu og dreifingu mjólkurvara og til þess að staða félagsins á markaði er traust og tekjamyndun sterk. Sala var í grófum dráttum í samræmi við áætlanir félagsins. Það endurspeglar ánægju neytenda með framleiðsluna, góða dreifingu um land allt og áherslu félagsins á nýjungar í vöruframboði.

Tekjamyndun félagsins á síðasta ári er einkar athyglisverð í ljósi mikilla erfiðleika í hagkerfinu og samdráttar í ráðstöfunartekjum einstaklinga. Heildarvelta var 17,3 milljarðar króna og jókst um 17% milli ára eða ríflega sem nemur verðlagsþróun í landinu. Aðfangakostnaður í iðnaðinum jókst verulega milli ára með hækkandi mjólkurverði til bænda og gengishruni krónu en fyrirtækinu tókst á móti að lækka allan vinnslu-, dreifingar- og sölukostnað. Auðhumla færir starfsfólki og stjórnendum þakkar fyrir árangursríkt starf, viðamikla endurskipulagningu í starfseminni og öflugt markaðs- og sölustarf.

Auðhumla er leiðandi fyrirtæki í íslenskum matvæla-iðnaði í eigu 650 fjölskyldna bænda um land allt. Félagið á fyrir höndum bjarta framtíð í þjónustu við íslenskt samfélag. Helstu óvissuþættir í rekstrinum næstu misseri eru tengdir þróun efnahagslífs hér á landi og óvissu í utanríkismálum. Það er afar mikilvægt

að takist að auka hér hagvöxt að nýju þannig að ráðstöfunarfé heimila í landinu haldi ekki áfram að dragast saman. Áframhaldandi samdráttur kemur fyrr eða síðar hastarlega niður á mjólkuriðnaðinum líkt og öðrum greinum framleiðslu og verslunar. Óvissa um framtíð landbúnaðar hér á landi vegna umsóknar um aðild að Evrópusambandinu skapar vissulega óvissu um framtíð Auðhumlu. Þess vegna er mikilvægt að allir, sem láta sig varða landbúnað og byggð í landinu, beiti sér með þeim hætti að stjórnvöld skynji skýrt að það verður ekki liðið að fórn að sé lífshagsmunum byggðar og búa fyrir sæti við borðshorn í Brussel.

Framtíð Auðhumlu, framtíð íslensks landbúnaðar og framtíð íslensks samfélags er öruggust utan vébanda Evrópusambandsins. Ef við viljum ráða einhverju um örlög og mótun þessa örsamfélags hér á útjaðri Evrópu hljótum við að skynja mikilvægi þess að standa vörð um sjálfstæða ákvarðanatöku um okkar veigamestu mál. Evrópusambandið er ekki hlutlaus vettvangur þar sem hagsmunir allra, stórra og smárra, fá eðlilegt vægi. Þegar til kastanna kemur eru það hinir stóru og veigamiklu hagsmunir sem ráða, eins og jafnan í samskiptum þjóða. Þá getur skipt miklu að hafa ekki gefið eftir vígstöðu sem felst í sjálfstæðri ákvarðanatöku. Það ætti reynsla síðasta vetrar þó að hafa kennt okkur.

Viðfangsefni Auðhumlu eru á þremur meginviðum. Kjarnastarfsemi félagsins er vitaskuld á sviði mjólkurvinnslu og dreifingar í Mjólkursamsölunni ehf. sem er nú í 92,6% eigu Auðhumlu. Í öðru lagi hefur félagið starfsemi á nokkrum sviðum sem með einhverjum hætti tengjast mjólkurvinnslunni eða endurskipulagningu hennar og rekstri bænda sjálfrá. Í þriðja lagi hefur félagið með höndum nokkra fjármálastarfsemi til að ávaxta fjármuni stofnfjáreigenda sem að hluta til tengist endurskipulagningu í búrekstri með veitingu kvóta- og tankalána. Undanfarin ár hefur megináherslan í starfinu eðlilega falist í endurskipulagningu í kjarnastarfseminni sem hefur skilað eigendum miklum ávinn-

ingi eins og fram kemur í þessari ársskýrslu. Á þessu starfsári hefur stjórn félagsins einsett sér að endurmeta stefnuna í hinum þáttunum tveimur. Bændur þurfa að ákvarða með hvaða hætti þeir vilja beita félaginu í þágu búrekstrar í landinu.

Framtíð Auðhumlu og framtíð íslensks landbúnaðar er best tryggð í traustri sátt við íslenskt samfélag. Mjólkurbændur hafa byggt upp iðnað sinn með sérstökum hætti í slíkri sátt. Þeim er lögum samkvæmt heimilað að hagræða í rekstrinum án iðlutunar yfirvalda. Á móti er verðlagning afurðanna með einstöku fyrirkomulagi þar sem fulltrúar neytenda og fulltrúar stjórnvalda hafa í raun ráðandi stöðu. Afleiðing þessa fyrirkomulags er hröð hagræðing í mjólkuriðnaði sem hefur verið skilað jafnóðum út til bænda og neytenda. Ég tel að við eigum að gera um það sáttmála við samfélagið að við höldum áfram á þessari braut. Í tengslum við það eigum við að setja okkur í sameiningu tvö meginmarkmið, samtengd. Í fyrsta lagi tryggjum við hér mikilvægan þátt matvælaframleiðslunnar þannig að Ísland þurfi aldrei að skorta lífsnauðsynjar í þessum mikilvæga fæðuflokki. Í öðru lagi tryggjum við að á tilteknum árafjölda lækki raunverð mjólkurvara fyrir tilstuðlan þessa sérstaka fyrirkomulags framleiðslu og verðlagningar sem við búum við. Til þess þarf að halda áfram hagræðingu bæði í framleiðslu og vinnslu mjólkurafurða. Ég tel að þetta þurfi að verða þáttur í þeirri stefnumótun mjólkurframleiðslu og iðnaðar sem nú er hafin. Öflugur og hagkvæmur landbúnaður á að verða mikilvægur þáttur í endurreisni Íslands.

Skýrsla forstjóra

Einar Sigurðsson



Á árinu 2009 varð ánægjuleg jákvæð þróun í starfsemi Auðhumlu svf. Félagið náði markmiðum sínum um tekjur, afkoma þess batnaði og hagur bænda og neytenda, sem eiga mest undir í starfsemi fyrirtækisins, batnaði einnig. Ástæðan er áframhaldandi árangursrík hagræðing í mjólkuriðnaði, mikilvægustu starfsemi Auðhumlu. Félagið færir starfsfólki sínu þakkir fyrir vel unnin störf á árinu.

Á fimm árum hafa tekjur Mjólkursamsölnunnar ehf. af eigin framleiðslu nánast staðið í stað að raungildi. Hlutdeild á sjöunda hundrað bænda, sem leggja inn hjá félaginu, í þessum tekjum samsölnunnar hefur vaxið úr 40% í 50%. Á árinu 2009 jukust tekjur Mjólkursamsölnunnar af eigin framleiðslu um 11% en hráefnisverð til bænda hækkaði um 15%. Þessi aukna hlutdeild bænda í tekjum MS samsvarar því að tekjur þeirra samanlagt af mjólkursölu árið 2009 voru 1,5 milljarði króna hærrí en ella hefði verið. Hagur neytenda hefur einnig batnað. Á þessum fimm árum hefur heildsöluverð mjólkurafurða frá Mjólkursamsölnunni lækkað að raungildi um 17%.

Auk þess, sem Auðhumla og Mjólkursamsalan hafa lagt eigendum sínum til í hækkanði hráefnisverði, hafa félögin tekið á sig kostnaðarhækkunar vegna mjólkursöfnunnar undanfarin ár. Þetta nemur um 2 krónum á hvern innvegin lítra mjólkur og lætur því nærri að samstæðan hafi þannig létt um 250 milljóna króna kostnaði af framleiðendum með hlutdeild sinni í mjólkursöfnun á síðasta ári. Þá er rétt að hafa í huga að vegna verðhruns á erlendum mörkuðum fyrir undanrennuduft og smjör á síðasta ári stóðu tekjur ekki undir kostnaði við kaup á umframmjólk sem fór til útflutnings.

Ótvíræður árangur hefur orðið við endurskipulagningu mjólkuriðnaðarins undanfarin fimm ár. Þess sér glögg merki í reikningum félagsins og batnandi afkomu. Afkoma er hins vegar tvímælaust mörkuð af því að þessum árangri hefur verið skilað hér um bil jafnhvatt til framleiðenda og markaðar. Árið 2009 var þessu

hagræðingarstarfi haldið áfram. Vinnslu-, sölu- og dreifingarkostnaður á hvern lítra mjólkur lækkaði um 6% að raungildi í samanburði við neyslúvísitöluna. Launakostnaður hjá MS lækkaði um tæpt 1% að nafnvirði á sama tíma og launavísitala hækkaði um 4%.

Það skipti auðvitað ekki síður máli að heildarsala á framleiðsluvörum mjólkuriðnaðarins stóð í stað milli ára sem sýnir traust neytenda á þessari mikilvægu framleiðslu þar sem ráðstöfunartekjur einstaklinga lækkuðu um 11% og íbúum landsins fækkaði um 0,5% á árinu.

Árið 2009 var ráðist í endurnýjun á svokallaðri G-vöru framleiðslulínu í mjólkurbúinu á Selfossi fyrir um 500 milljónir króna. Þetta var langstærsta einstaka fjárfesting félagsins á árinu en samtals námu fjárfestingar um 954 milljónum króna. Ekki er gert ráð fyrir neinum meiriháttar fjárfestingum á árinu 2010. Mjólkursamsalan hefur nú að mestu lokið endurskipulagningu framleiðslunnar og sérhæfingu mjólkurbúa og er nú vel búin tækjum til að þjóna markaðnum með fyrsta flokks framleiðsluvörum. Þessi endurskipulagning framleiðslu og dreifingar hefur leitt til þess að Auðhumla hefur losað mikið húsnæði sem mikilvægt er að koma í ný og arðbær not í gegnum leigu eða sölu.

Horfur á árinu 2010

Í rekstraráætlunum Auðhumlu og Mjólkursamsölnunnar fyrir árið 2010 er gert ráð fyrir að lítils háttar samdráttur verði í afurðasölu á árinu sem hlýtur þó að teljast sterk viðspyrna í ljósi þess að spáð er áframhaldandi samdrætti í ráðstöfunartekjum einstaklinga og heimila frá fyrra ári. Salan fyrstu þrjú mánuði ársins hefur verið í samræmi við áætlanir. Félagið gerir ráð fyrir að afkoman haldi áfram að batna milli ára. Þar er þrennt sem skiptir mestu. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því að launakostnaður haldi áfram að lækka vegna aðgerða sem þegar hefur verið hrunnið í framkvæmd. Í öðru lagi er áfram unnið að lækkuðum flutningskostnaðar frá

bændum, milli mjólkurbúa og til neytenda. Í þriðja lagi liggur fyrir að greiðslur fyrir umframmjólk verða betur lagaðar að verðþróun á alþjóðamarkaði.

Markaðs- og sölustarf Mjólkursamsölnunnar er gríðarlega mikilvægt fyrir tekjumyndun Auðhumlu og um 650 eigenda félagsins. Mikilvægustu stefnuáherslur, sem byggt er á í þessu starfi, eru:

- Stöðug og öflug vöruþróun með framboði á nýjum vörum og vöruflokkum
- Traust aðgengi að vörum félagsins um land allt
- Áhersla á gæðamál og fyrsta flokks hráefni
- Samkeppnisfærni í kostnaði

Afkoma Auðhumlu og Mjólkursamsölnunnar undanfarin ár hefur markast af því að ávinningi af mikilli hagræðingu hefur verið skilað hratt út til framleiðenda og neytenda. Það er mikilvægt fyrir félagið að halda þessari hagræðingarvinnu áfram og koma rekstrinum í viðunandi horf. Að því verður róðið öllum árum á nýju rekstrarári. Það skiptir bændur í landinu miklu að eiga kraftmikið og arðbært vinnslu- og söluvyrntæki í heilbrigðum rekstri.

Yfirmannaskipti

Á fyrri hluta árs 2009 urðu forstjóraskipti hjá Mjólkursamsölnunni. Einar Sigurðsson tók við af Magnúsi Ólafssyni sem stýrt hafði bæði Auðhumlu og Mjólkursamsölnunni. Einar tók síðan einnig við forstjórarstarfi Auðhumlu 1. febrúar 2010. Magnús Ólafsson á að baki um 49 ára farsælt starf í íslenskum mjólkuriðnaði. Hann kom til starfa sem mjólkurfræðingur árið 1961 en hefur síðan stýrt rekstri Emmessíss, Osta- og smjör-sölnunnar, Auðhumlu og MS, setið sem stjórnarformaður SAM og átt sæti í verðlagsnefnd fyrir hönd mjólkuriðnaðarins. Magnús átti drjúgan þátt í þeirri sameiningu og hagræðingu sem unnið hefur verið að í mjólkuriðnaðinum undanfarin 5 ár. Auðhumla þakkar Magnúsi farsælt störf í þágu mjólkuriðnaðarins og óskar honum velfarnaðar þegar löngum starfsdegi lýkur.

Fulltrúar deilda Auðhumla

á aðalfundi 9. apríl 2010

Austurlandsdeild

Aðalfulltr.:	Gunnar Jónsson Jón Steinar Elísson Halldór Sigurðsson	Egilsstöðum Hallfreðarstöðum 2 Hjartarstöðum 1	700 Egilsstaðir 701 Egilsstaðir 701 Egilsstaðir
Varafulltr.:	Jóhann G. Jóhannsson Björgvin Gunnarsson Sæmundur Guðmundsson	Breiðavaði Núpi Gíslastöðum	701 Egilsstaðir 765 Djúpvogur 701 Egilsstaðir

Austur-Skaftafellsdeild

Aðalfulltr.:	Steinþór Torfason Sæmundur Jón Jónsson	Hala Árbæ	781 Höfn 781 Höfn
Varafulltr.:	Björn Ísleifur Björnsson Gunnar Helgason	Hestgerði Stóra Bóli	781 Höfn 781 Höfn

Skaftárdeild

Aðalfulltr.:	Ólafur Helgason Kjartan Magnússon Jóhannes Gissurarson	Hraunkoti Fagurhlíð Herjólfsstöðum	880 Kirkjubæjarklaustur 880 Kirkjubæjarklaustur 880 Kirkjubæjarklaustur
Varafulltr.:	Jón Jónsson Guðgeir Sumarliðason	Prestsbakka Austurhlíð	880 Kirkjubæjarklaustur 880 Kirkjubæjarklaustur

Mýrdalsdeild

Aðalfulltr.:	Sigurjón Eyjólfsson	Pétursey I	871 Vík
Varafulltr.:	Ólafur Steinar Björnsson	Reyni	871 Vík

Eyjafljalladeild

Aðalfulltr.:	Árman Fannar Magnússon Andrés Andrússon	Hrútafelli Dalseli 1	861 Hvolsvöllur 861 Hvolsvöllur
Varafulltr.:	Ragnar Lárusson Sigurjón Sigurðsson	Stóradal Efstu-Grund	861 Hvolsvöllur 861 Hvolsvöllur

Landeyjadeild

Aðalfulltr.:	Hlynur Snær Theodórsson Jóhann Nikulásason Guðni Ragnarsson	Voðmúlastöðum Stóru-Hildisey II Guðnastöðum	861 Hvolsvöllur 861 Hvolsvöllur 861 Hvolsvöllur
Varafulltr.:	Silja Ágústsdóttir Sævar Einarsson Björgvin Guðmundsson	Hólmum Stíflu Vorsabæ	861 Hvolsvöllur 861 Hvolsvöllur 861 Hvolsvöllur

Fljótshlíðar-, Hvals- og Rangárvalladeild

Aðalfulltr.:	Eggert Pálsson Birkir A. Tómasson	Kirkjulæk Móeiðarhvoli II	861 Hvolsvöllur 861 Hvolsvöllur
Varafulltr.:	Guðmundur Ómar Helgason	Lambhaga	851 Hella

Holta-, Landmanna-, Ása- og Djúpardeild

Aðalfulltr.:	Sigurjón Hjaltason Ágúst Sæmundsson	Raftholti Bjólu	851 Hella 851 Hella
Varafulltr.:	Hannes Ólafsson Borghildur Kristinsdóttir	Austvaðsholti Skarði	851 Hella 851 Hella

Uppsveitadeild

Aðalfulltr.:	Jón Viðar Finnsson Jórunn Svavarsdóttir Páll Jóhannsson Haukur Haraldsson Eiríkur Jónsson Gunnar Sverrisson Sveinn Ingvarsson	Dalbæ I Drumboddsstöðum Núpstúni Stóru-Mástungu Gýgjarhólskoti Hrosshaga Reykjahlíð	845 Flúðir 801 Selfoss 845 Flúðir 801 Selfoss 801 Selfoss 801 Selfoss 801 Selfoss
--------------	-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	-------------------------------------------------------------------------------------------------------	-----------------------------------------------------------------------------------------------------

Varafulltr.:	Arnar Bjarni Eiríksson Esther Guðjónsdóttir Fjóla I. Kjartansdóttir Ágúst Gunnarsson Sigurjón Sigurðsson Bjarni Ó. Valdimarsson	Gunnbjarnarholti Sólheimum Birtingaholti IV Stærribæ Kotlaugum Fjalli	801 Selfoss 845 Flúðir 845 Flúðir 801 Selfoss 845 Flúðir 801 Selfoss
--------------	------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	--------------------------------------------------------------------------------------	-------------------------------------------------------------------------------------

Gaulverjabæjar-, Villingaholts- og Stokkseyrardeild

Aðalfulltr.:	Ádalsteinn Sveinsson Valdimar Guðjónsson	Kolsholti Gaulverjabæ	801 Selfoss 801 Selfoss
Varafulltr.:	Geir Ágústsson Einar H. Haraldsson	Gerðum Urriðafossi	801 Selfoss 801 Selfoss

Hraungerðis-, Sandvíkur- og Ölfusdeild

Aðalfulltr.:	María Hauksdóttir Pétur Guðmundsson	Geirakoti Hvammi	801 Selfoss 801 Selfoss
Varafulltr.:	Skeggi Gunnarsson Gísli Hauksson	Skeggjastöðum Stóru-Reykjum	801 Selfoss 801 Selfoss

Hvalfjarðardeild

Aðalfulltr.:	Jóhanna Hreinsdóttir Haraldur Magnússon	Káraneskoti Belgsholti	270 Mosfellsbær 301 Akranes
Varafulltr.:	Helgi Bergþórsson Magnús Hannesson	Eystra-Súlunesi Eystri-Leirárgörðum	301 Akranes 301 Akranes

Borgarfjarðardeild

Aðalfulltr.:	Jón Gíslason Birna Hauksdóttir	Lundi 1 Skáney	311 Borgarnes 320 Reykholt
Varafulltr.:	Þorvaldur Jónsson Jón Björnsson	Brekkukoti Deildartungu	311 Borgarnes 311 Borgarnes

Snæfellsnes- og Mýrasýsludeild

Aðalfulltr.:	Pétur Dióricksson Laufey Bjarnadóttir Jón Svavar Þórðarson Halldór Gunnlaugsson	Helgavatni Stakkhamri Ólkeldu III Hundastapa	311 Borgarnes 356 Snæfellsbær 356 Snæfellsbær 311 Borgarnes
Varafulltr.:	Guðný Jakobsdóttir Ólafur Egilsson Þróstur Ádalbjarnarson Kristján Þórðarson	Syðri-Knarrartungu Hundastapa Stakkhamri Ólkeldu	356 Snæfellsbær 311 Borgarnes 356 Snæfellsbær 356 Snæfellsbær

Breiðfjarðardeild

Aðalfulltr.:	Jóhannes Eyberg Ragnarsson Sigmundur H. Sigmundsson Gústaf Jökull Ólafsson Bára Sigurðardóttir	Hraunhálsi Látrum Miðjanesi Lyngbrekku	340 Stykkishólmur 401 Ísafjörður 380 Króksfjarðarnes 371 Búðardalur
Varafulltr.:	Erla Reynisdóttir Nanna Jónsdóttir Guðmundur Pálmason Árni Brynjólfsson	Mýrartungu Efri-Rauðsdal Kvennabrekku Vöðlum	380 Króksfjarðarnes 451 Patreksfjörður 371 Búðardalur 425 Flateyri

Vestur-Húnaþingsdeild

Aðalfulltr.:	Skúli Einarsson Valgerður Kristjánsdóttir	Tannstaðabakka Mýrum III	500 Staður 531 Hvammstangi
Varafulltr.:	Pétur Sigurvaldason Guðný Helga Björnsdóttir	Neðri-Torfustöðum Bessastöðum	531 Hvammstangi 531 Hvammstangi

Stjórn Auðhumlu



Starfssvæði Auðhumlu



■ Starfssvæðið

Formaður

Egill Sigurðsson, Berustöðum

Varaformaður

Erlingur Teitsson, Brún

Ritari

Guðrún Sigurjónsdóttir, Glitstöðum

Meðstjórnendur

Stefán Magnússon, Fagraskógi
Björn Harðarson, Holti
Birna Þorsteinsdóttir, Reykjum
Hörður Grímsson, Tindum

Varamenn

Pétur Diðriksson, Helgavatni
Jóhannes Torfason, Torfalæk II
Arnar B. Eiríksson, Gunnbjarnarholti

Skoðunarmenn

Elvar Eyvindsson, Skíðbakka
Gunnar Sveinsson, Hrosshaga

Varaskoðunarmenn

Geir Árdal, Dæli
Magnús Hannesson, Eystri-Leirárgöðum

Forstjóri

Magnús Ólafsson (til 31. janúar 2010)
Einar Sigurðsson (frá 1. febrúar 2010)

Austur-Húnaþingsdeild

Aðalfulltr.: Magnús R. Sigurðsson Hnjúki 541 Blönduós
Jóhannes Torfason Torfalæk 2 541 Blönduós
Gróa Lárusdóttir Brúsastöðum 541 Blönduós

Varafultr.: Linda Björk Ævarsdóttir Steinnýjarstöðum 545 Skagaströnd
Jón Gíslason Stóra-Búrfelli 541 Blönduós
Jens Jónsson Brandaskarði 541 Blönduós

Norðausturdeild

Aðalfulltr.: Aðalsteinn Hreinsson Auðnum 601 Akureyri
Bergljót Þorsteinsdóttir Halldórsstöðum 645 Fosshóll
Elín Stefánsdóttir Fellshlíð 601 Akureyri
Erlingur Teitsson Brún 641 Húsavík
Hávar Sigtryggsson Hríflu 641 Húsavík
Helgi Þór Helgason Bakka 601 Akureyri
Jóhannes Ævar Jónsson Espihóli 601 Akureyri
Jósef Kristjánsson Möðruvöllum 601 Akureyri
Laufey Skúladóttir Stóru Tjörnum 641 Húsavík
Leifur Guðmundsson Klauf 601 Akureyri

Sif Jónsdóttir Laxamýri 641 Húsavík
Sigurgeir Pálsson Sigtúnnum 601 Akureyri
Stefán Magnússon Fagraskógi 601 Akureyri
Sveinbjörn Sigurðsson Búvöllum 641 Húsavík

Varafultr.: Gunnhildur Gylfadóttir Steindrym 621 Dalvík
Trausti Þórisson Hofsá 621 Dalvík
Böðvar Baldursson Heiðargarði 641 Húsavík
Sigurlaug Sigurðardóttir Nesi 601 Akureyri
Gunnsteinn Þorgilsson Sökku 621 Dalvík
Guðrún Harðardóttir Hvassafelli 601 Akureyri
Hulda Skarphéðinsdóttir Úlfsbæ 645 Fosshóll

Alls 60 fulltrúar

Verðlaunahafar 2009



Verðlaunahafar: Norðausturdeild.



Guðfinnur Jakobsson og Sveinn Axel Guðlaugsson, Skafttholti, og Guðmundur Geir Gunnarsson, mjólkurbússtjóri MS Selfossi.



Guðstaf Jökull Ólafsson, Miðjanesi.



Áslaug Bjarnadóttir, Miðfelli V, og Guðmundur Geir Gunnarsson, mjólkurbússtjóri MS Selfossi.



Guðmundur Geir Gunnarsson, mjólkurbússtjóri MS Selfossi, og Kristinn Guðnason, Þverlæk.



Innl.númer	Nafn	Heimili	Deild
10182	Chris Beekman	Brekuborg	Austurlandsdeild
10234	Óskar Gunnlaugsson	Berufirði II	Austurlandsdeild
20110	Lilja María Gísladóttir	Króki	Gaulverjab-, Villingaholts- og Stokkseyrardeild
20676	Gunnlaugur Magnússon	Miðfelli V	Uppsveitadeild
20948	Kristinn og Elín	Þverlæk	Holta-, Landmanna-, Ása- og Djúpárdeild
22116	Sigríður Valdimarsdóttir	Álfhólum	Landeyjadeild
22218	Félagsbúið Skafttholti	Skafttholti	Uppsveitadeild
30621	Guðjón Jóhannesson	Syðri-Knarrartungu	Snæfellsnes- og Mýrasýsludeild
33204	Ásmundur Guðmundsson	Arkarlæk	Hvalfjarðardeild
46511	Jón Egill Jóhannsson	Skerðingsstöðum	Breiðafjarðardeild
47224	Guðstaf Jökull Ólafsson	Miðjanesi	Breiðafjarðardeild
49234	Finnbogji S. Kristjánsson	Breiðalæk	Breiðafjarðardeild
50580	Friðgeir Jónsson	Blöndudalshólum	Austur-Húnaþingsdeild
50850	Auðólfstaðabúið	Auðólfstöðum	Austur-Húnaþingsdeild
52550	Jens Jónsson	Brandaskarði	Austur-Húnaþingsdeild
52570	Steinar Kristjánsson	Steinnýjarstöðum	Austur-Húnaþingsdeild
58613	Ásgeir Sverrisson	Brautarholti	Vestur-Húnaþingsdeild
60003	Jóhann Tryggvason	Vöglum	Norðausturdeild
60004	Eiríkur K. Skjöldal	Ytra Gili	Norðausturdeild
60047	Jóhann H. Jónsson	Stóra Dal	Norðausturdeild
60095	Anna Aðalheiður Guðmunds.	Munkaþverá	Norðausturdeild
60102	Gamla Klauf ehf.	Klauf	Norðausturdeild
60106	Benjamín Baldursson	Ytri Tjörnum 2	Norðausturdeild
60141	Félagsbúið Halllandi ehf.	Halllandi 1	Norðausturdeild
60227	Jón Viðar Þorsteinsson	Brakanda	Norðausturdeild
60327	Þorsteinn Rútsson	Þverá	Norðausturdeild
60490	Sveinn Kjartan Sverrisson	Melum	Norðausturdeild
60527	Hjálmar Herbertsson	Steindrym	Norðausturdeild
60622	Fornhólar ehf.	Fornhólum	Norðausturdeild
68034	Vogabú ehf.	Vogum 1	Norðausturdeild
68234	Sveinbjörn Þór Sigurðsson	Búvöllum	Norðausturdeild
68274	Félagsbúið Hjarðarbóli	Hjarðarbóli	Norðausturdeild
68303	Hulda Elín Skarphéðinsdóttir	Úlfsbæ	Norðausturdeild
68308	Arndísarstaðir ehf.	Arndísarstöðum	Norðausturdeild
68311	Helgi Hallsson	Kálfborgará	Norðausturdeild
68333	Ólafur Ólafsson	Bjarnarstöðum	Norðausturdeild
68354	Ingvar Ketilsson	Halldórsstöðum	Norðausturdeild
68403	Ingjaldsstaðabú ehf.	Ingjaldsstöðum	Norðausturdeild
68443	Kristján Ingjaldur Tryggvason	Fellsseli	Norðausturdeild
68460	Marteinn Sigurðsson	Kvíabóli	Norðausturdeild
68472	Baldvin Einarsson	Engihlíð	Norðausturdeild
68596	Félagsbúið Laxamýri	Laxamýri	Norðausturdeild

Fjöldi: 42

Reglur um verðlaunaveitingu fyrir mjólk í 1. flokk A eru þessar: Verðlaun fá þeir innleggjendur sem lögðu inn mjólk í 1. flokki A í öllum mánuðum ársins 2009. Mörk fyrir 1. flokk A eru þau að öll sýni mánaðarins séu undir 40 þús. í líftölu, margfeldismeðaltal mánaðarins á frumum sé undir 220 þús. og að engar lyfjaleifar finnist í mánuðinum.

Mjólkursamsalan ehf. 2009



Stjórn félagsins skipuðu:

Egill Sigurðsson, formaður
Þórólfur Gíslason, varaformaður
Jóhannes Ævar Jónsson, ritari
Guðrún Sigurjónsdóttir, meðstjórnandi
Arnar Bjarni Eiríksson, meðstjórnandi

Varamenn:

Birna Þorsteinsdóttir
Rögnvaldur Ólafsson
Atli Friðbjörnsson

Forstjóri:

Magnús Ólafsson (til 30. apríl 2009)
Einar Sigurðsson (frá 1. maí 2009)

Endurskoðendur:

Deloitte
Halldór Arason endurskoðandi
Jón Rafn Ragnarsson endurskoðandi

Árangur í rekstri við erfið skilyrði

Afkoma af starfsemi Mjólkursamsölnunar batnaði á milli ára þó tap yrði á rekstrinum. Rekstrarafkoman batnaði um 41 milljón króna þrátt fyrir erfiðar aðstæður í samfélaginu. Einnig lækkuðu fjármagnsliðir vegna þess að Auðhumla svf. breytti láni til félagsins í hlutafé síðari hluta árs 2008.

Sala á vörum MS var mjög góð þrátt fyrir aðstæður í þjóðfélaginu. Þegar upp var staðið hafði félagið náð nær öllum markmiðum sínum um tekjur og kostnað í sölu- og markaðsstarfi. Alls voru seld 7.685 tonn af birgðavörum og 53.564 þúsund lítrar af ferskvörum.

Í árslok störfuðu rétt innan við 400 starfsmenn hjá MS á 6 starfsstöðum um land allt. Breytingar undanfarinna ára, sameining fyrirtækja, tilflutningur framleiðslulína, fækkun starfsfólks, breyting á vinnutilhöggun og ýmislegt fleira, sem skilað hefur félaginu mikilli hagræðingu, hefur byggt á þolinmæði, frumkvæði og þátttöku þessa mikla fjölda fólks. Fyrir þetta skuldar félagið starfsfólki miklar þakkir.

Ráðstöfun innveginna mjólkur 2009


Framleiðsla í tonnum

Flokkur	Framleitt	Ráðstöfun innanlands	Útflutt
Ferskvara	54.672	54.546	126
Viðbit	2.634	2.047	587
Ostar	5.959	5.955	4
Mjólkurduft	1.218	668	550
Samtals	64.482	63.216	1.267


Tölulegar upplýsingar




Ráðstöfun mjólkur hjá MS árið 2009 umreiknuð í lítra m.v. fitu




Ráðstöfun mjólkur hjá MS árið 2009 umreiknuð í lítra m.v. prótein



Ráðstöfun mjólkur hjá MS og KS árið 2009 umreiknuð í lítra m.v. fitu



Ráðstöfun mjólkur hjá MS og KS árið 2009 umreiknuð í lítra m.v. prótein



Mjólkurinnlegg hjá Auðhumla

Árið 2009	Árið 2008	Breyting 2009-2008	
		Lítrar	Hlutfall
9.790.880	9.602.924	187.956	1,96%
9.142.221	9.277.616	-135.395	-1,46%
10.305.568	10.053.073	252.495	2,51%
10.236.265	10.234.625	1.640	0,02%
10.418.142	10.733.721	-315.579	-2,94%
10.509.180	10.108.443	400.737	3,96%
9.683.971	9.788.671	-104.700	-1,07%
9.092.794	9.048.501	44.293	0,49%
8.548.305	8.781.300	-232.995	-2,65%
8.491.981	8.702.545	-210.564	-2,42%
8.482.123	8.339.842	142.281	1,71%
9.283.403	9.630.596	-347.193	-3,61%
113.984.833	114.301.857	-317.024	-0,28%

Heildarmjólkurinnlegg á landinu

Árið 2009	Árið 2008	Breyting 2009-2008	
		Lítrar	Hlutfall
10.766.374	10.562.427	203.947	1,93%
10.049.873	10.216.184	-166.311	-1,63%
11.313.417	11.054.059	259.358	2,35%
11.253.031	11.258.127	-5.096	-0,05%
11.455.207	11.818.564	-363.357	-3,07%
11.584.468	11.177.840	406.628	3,64%
10.715.544	10.833.937	-118.393	-1,09%
10.082.583	10.011.948	70.635	0,71%
9.450.302	9.727.043	-276.741	-2,85%
9.369.819	9.626.733	-256.914	-2,67%
9.344.256	9.176.095	168.161	1,83%
10.184.587	10.588.572	-403.985	-3,82%
125.569.461	126.051.529	-482.068	-0,38%

Tölulegar upplýsingar



Fjöldi innleggjenda í deildum 2009 og 2008

Nafn deildar	31/12 2009	31/12 2008	Mismunur
Austurlandsdeild	27	27	0
Austur-Skaftafellsdeild	13	13	0
Skaftárdeild	25	24	1
Mýrdalsdeild	12	14	-2
Eyjafjalladeild	23	23	0
Landeyjadeild	35	35	0
Fljótshlíðar-, Hvols- og Rangárvalladeild	19	19	0
Holta-, Landmanna-, Ása- og Djúpardeild	19	19	0
Uppsveitadeild	73	74	-1
Gaulverjabæjar-, Villingaholts- og Stokkseyrardeild	22	22	0
Hraungerðis-, Sandvíkur- og Ölfusdeild	20	20	0
	261	263	
Hvalfjarðardeild	24	28	-4
Borgarfjarðardeild	24	26	-2
Snæfellsnes- og Mýrasýsludeild	43	46	-3
	91	100	
Breiðafjarðardeild	46	48	-2
Vestur-Húnaþingsdeild	24	24	0
Austur-Húnaþingsdeild	31	31	0
Norðausturdeild	161	170	-9
	216	225	
Alls Auðhumla	641	663	-22

Fjöldi kúabúa miðað við greiðslumark í lok árs

	Fjöldi kúabænda		2009 greiðslumark á kúabú í þús. lítrum						2008 greiðslumark á kúabú í þús. lítrum					
	2009	2008	<50	50-100	100-200	200-300	>300	Meðaltal pr. kúabú	<50	50-100	100-200	200-300	>300	Meðaltal pr. kúabú
			þús.	þús.	þús.	þús.	þús.		þús.	þús.	þús.	þús.	þús.	
MS Egilsstöðum	27	27	4	6	6	5	6	183.134	4	7	7	5	5	172.566
MS Selfossi	261	263	22	44	113	63	25	168.836	24	46	111	58	31	170.208
MS Reykjavík	91	100	14	15	49	8	9	143.332	16	16	49	9	7	138.632
MS Búðardal	37	63	6	12	15	3	1	113.242	10	21	23	6	2	112.468
MS Ísafirði	9	9	1	4	4	1	1	130.771	1	5	4	1	1	131.298
MS Blönduósi	0	31	0	0	0	0	0	0	1	9	18	2	1	136.548
MS Akureyri	216	170	14	49	99	43	16	162.065	8	30	70	39	19	181.132
Auðhumla	641	663	61	130	286	123	58	159.704	64	134	282	120	66	160.806

Tölulegar upplýsingar



Fitu- og próteininnihald mjólkur eftir deildum (meðaltal)

Heiti deildar	Meðalfita	Meðalfita	Meðalprótein	Meðalprótein
	2009	2008	2009	2008
Austurlandsdeild	4,10	4,11	3,31	3,33
Austur-Skaftafellsdeild	3,97	3,94	3,32	3,36
Skaftárdeild	4,01	3,98	3,33	3,35
Mýrdalsdeild	3,93	3,95	3,25	3,25
Eyjafjalladeild	4,06	4,02	3,32	3,34
Landeyjadeild	4,11	4,08	3,33	3,36
Fljótshlíðar-, Hvols- og Rangárvalladeild	4,09	4,09	3,33	3,36
Holta-, Landmanna-, Ása- og Djúpárdeild	4,08	4,09	3,35	3,40
Uppsveitadeild	4,06	4,06	3,30	3,33
Gaulverjabæjar-, Villingaholts- og Stokkseyrardeild	4,12	4,10	3,35	3,38
Hraungerðis-, Sandvíkur- og Ölfusdeild	4,06	4,08	3,38	3,39
Hvalfjarðardeild	4,07	4,05	3,27	3,31
Borgarfjarðardeild	4,12	4,09	3,31	3,32
Snæfellsnes- og Mýrasýsludeild	4,08	4,05	3,32	3,35
Breiðfjarðardeild	4,10	4,08	3,30	3,31
Vestur-Húnaþingsdeild	4,26	4,18	3,29	3,33
Austur-Húnaþingsdeild	4,15	4,10	3,34	3,35
Norðausturdeild	4,11	4,11	3,33	3,34
Auðhumla	4,09	4,08	3,32	3,34

Innvigtun mjólkur innan og utan greiðslumarks verðlagsárið 2008/2009

Afurðastöðvar	Framleitt innan gr.marks	Framleitt umfram samning	Framleitt alls
Auðhumla svf.	107.679.677	6.953.342	114.633.019
Mjólkursamlag KS	11.320.323	385.598	11.705.921
SAMTALS	119.000.000	7.338.940	126.338.940

Heimild: Bændasamtök Íslands og aðildarfélag SAM



Ársreikningur samstæðu 2009

Áritun óháðra endurskoðenda

Til stjórnar og félagsaðila Auðhumlu svf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning samstæðu Auðhumlu svf. og dótturfélaga þess fyrir árið 2009. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunaraðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðu Auðhumlu svf. og dótturfélaga þess á árinu 2009, efnahag þess 31. desember 2009 og breytingu á handbæru fé á árinu 2009, í samræmi við lög um ársreikninga.

Kópavogur, 9. apríl 2010

Deloitte hf.

Halldór Arason
endurskoðandi

Jón Rafn Ragnarsson
endurskoðandi

Við undirritaðir, kjörnir skoðunarmenn Auðhumlu svf., höfum farið yfir ársreikning þennan. Við teljum að hann sé í samræmi við ákvæði laga og samþykktá félagsins og leggjum til að hann verði samþykktur.

Kjörnir skoðunarmenn

Gunnar Sverrisson

Elvar Eyvindsson

Skýrsla stjórnar

Ársreikningur samstæðu Auðhumlu svf. fyrir árið 2009 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Ársreikningurinn hefur að geyma samstæðuársreikning Auðhumlu svf. og dótturfélaga þess fyrir árið 2009.

Samkvæmt rekstrarreikningi nemur tap ársins 492 milljónum króna. Eigið fé samstæðunnar samkvæmt efnahagsreikningi er í árslok 6.442 milljónir króna en var í ársbyrjun 7.089 milljónir króna. Á árinu störfuðu að meðaltali 429 starfsmenn hjá fyrirtækinu og dótturfélögum þess og námu heildarlaunagreiðslur 2.103 milljónum króna.

Inneign í stofnsjóði í árslok nemur kr. 2.656.140.215 og skiptist á milli 760 aðila en í upphafi árs á milli 799 aðila. Tillag ársins frá félagsaðilum nemur kr. 28.380.708 og vextir af stofnsjóði eru kr. 140.372.896. Úr stofnsjóði eru greiddar kr. 205.069.519.

Stjórn félagsins leggur til að tap meirihluta eigenda á árinu, kr. 474.652.426, verði fært til lækkunar á óráðstöfuðu eigin fé en vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins.

Að áliti stjórnar og forstjóra Auðhumlu svf. koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu samstæðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn og forstjóri Auðhumlu svf. staðfesta hér með ársreikning samstæðu félagsins fyrir árið 2009 með undirritun sinni.

Akureyri, 9. apríl 2010

Í stjórn

Egill Sigurðsson
stjórnarformaður

Birna Þorsteinsdóttir

Erlingur Teitsson

Björn Harðarson

Stefán Magnússon

Guðrún Sigurjónsdóttir

Hörður Grímsson

Forstjóri

